

## Reglur FSÍ um félagaskipti

### 1. gr.

#### *Gildissvið og markmið.*

Reglur þessar er ætlað að tryggja skýrar og afmarkaðar reglur um félagaskipti keppenda í fimleikum sem falla undir reglurnar. Reglurnar taka til fimleikafólks sem uppfyllir eftirtalin skilyrði:

- a) Eru keppendur í áhaldafimleikum karla og kvenna 12 ára og eldri m.v fæðingarár, sem keppt hafa á mótum FSÍ á Íslandi, á mótum UEG og/eða FIG erlendis
- b) Eru keppendur í hópfimleikum, 12 ára og eldri m.v fæðingarár, sem keppt hafa á mótum FSÍ á Íslandi, á mótum UEG og/eða FIG erlendis.

### 2. gr.

#### *Félagaskiptatímabil.*

Keppendum í fimleikum sem falla undir reglur þessar er heimilt að eiga félagaskipti á tímabilinu frá 1.- 15. janúar og 1. ágúst – 15. september, að báðum dögum meðtöldum. Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil.

Þrátt fyrir 1. mgr. eru félagaskipti heimil ef fimleikadeild félags er lögð niður í heild sinni, eða flokkur eða þrep,sem æfa skal er ekki í boði í félaginu.

Tilkynningar um félagaskipti, sem berast FSÍ utan félagaskiptatímabils skulu teljast afhentar á fyrsta degi næsta félagaskiptatímabils á eftir.

### 3. gr.

#### *Tilkynningar um félagaskipti.*

Tilkynningar um félagaskipti skal afhenda á skrifstofu FSÍ á þar til gerðu eyðublaði. FSÍ skal innheimta félagaskiptagjald, félagið sem gengið er í er ábyrgt fyrir greiðslu þess gjalds sem ákvarðað er af stjórn FSÍ.

FSÍ staðfestir félagaskipti þegar að félagaskiptaglugginn lokast. Til að félagaskiptin teljist lögleg þarf formaður aðalstjórnar eða fimleikadeildar þess félags er fimleikamaðurinn hverfur frá, að staðfesta með undirskrift sinni og stimpli félags að fimleikamaðurinn sé skuldlaus félaginu. Sé keppandi undir lögdaldi þarf samþykki foreldris eða forráðamanns á tilkynningu um félagaskipti.

### 4. gr.

#### *Gildistaka félagaskipta.*

Félagaskipti skulu miðast við þann dag sem FSÍ sendir staðfestingu á félagaskiptum. Sé tilkynningin ekki útfyllt í samræmi við ofanskráð, tilkynnir FSÍ félaginu sem fimleikamaðurinn óskar eftir að ganga úr um félagaskiptin. Svári félagið ekki innan 30 daga, teljast félagaskiptin lögleg.

### 5. gr.

#### *Birting.*

FSÍ er heimilt að senda staðfestingu um félagaskipti með tölvupósti. FSÍ staðfestir félagaskiptin með birtingu fréttar á heimasíðu sambandsins, frá og með þeim tíma telst keppandi löglegur með nýja félaginu.

6. gr.

*Ágreiningur.*

Komi upp ágreiningur um félagaskipti skal stjórn FSÍ úrskurða í málinu. Úrskurði þessum geta báðir aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ.

7. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar eru settar með stoð í 24. gr. laga um Fimleikasamband Íslands og öðlast gildi við birtingu á vef Fimleikasambandsins. Samhliða því fellur 12 gr reglugerðar FSÍ um félagaskipti úr gildi.

*Úrdráttur:*

*FERLAR:*

*Til að félagaskiptin teljist lögleg þarf formaður aðalstjórnar eða fimleikadeildar þess félags er fimleikamaðurinn hverfur frá, að staðfesta með undirskrift sinni og stimpli félags að fimleikamaðurinn sé skuldlaus félaginu.*

*Sé tilkynningin ekki útfyllt í samræmi við ofanskráð, tilkynnir FSÍ félaginu sem fimleikamaðurinn óskar eftir að ganga úr um félagaskiptin með tölvupósti. Svári félagið ekki innan 30 daga frá dagsetningu tölvupóstsins, teljast félagaskiptin lögleg.*

*FSÍ staðfestir félagaskiptin á tölvupósti og frá hvaða tíma keppandi telst löglegur með nýja félaginu.*

***Greiðsla til FSÍ fyrir félagaskipti skal vera kr. 2.500,-***